Tillögur frá Reykjanesi til 29. aðalfundar LS 2013

1. Aðalfundur smábátafélagsins Reykjanes vill að LS kanni hvernig Verðlagsstofa ákveði fiskverð.

   Greinargerð

   Þróun viðmiðunarverðs Verðlagsstofu sem hlutfall af meðalverði á fiskmörkuðum hefur á undanförnum misserum skekkt samkeppnisstöðu útgerða. Kjör sjómanna á bátum þar sem gert er upp samkvæmt viðmiðunar-verði eru því ekki í neinu samræmi við laun starfsbræðra þeirra þar sem landað er á markaði.

   Útgerðir sem borga eftir verðlagsstofuverði eru að borga lægri aflagjöld og minna til LS vegna þess að verðlagsstofuverð er svo lágt.

2. Aðalfundur smábátafélagsins Reykjanes skorar á ráðherra að færa VS afla í sitt gamla horf, eitt heildartímabil en ekki fjögur eins og er í dag.

3. Aðalfundur smábátafélagsins Reykjanes skorar á ráðherra að gefa handfæraveiðar á makríl frjálsar, frá 1. júlí til 30. september.

   Greinargerð

   Það er búið að sýna sig og sanna að færaveiddur makríll er mikið stærri, feitari og verðmeiri en trollveiddur og því er bara aukin verðmætasköpun fengin með því að veiða sem mest með þessum hætti.

4. Aðalfundur smábátafélagsins Reykjanes skorar á ráðherra að auka við ýsukvótann strax. Gríðarlegt magn er af ýsu á grunnslóð og eiga línubátar erfitt með að sneiða hjá henni.

5. Aðalfundur smábátafélagsins Reykjanes vill að strandveiðar verði heimilaðar 4 daga í viku hverri yfir tímabilið 1. maí til 31. ágúst.

6. Aðalfundur smábátafélagsins Reykjanes leggur til að strandveiðiafli skerði ekki úthlutað aflamark.

7. Aðalfundur smábátafélagsins Reykjanes skorar á ráðherra að banna togveiðar innan 6 sjómílna frá landi.

8. Aðalfundur smábátafélagsins Reykjanes leggur til að krókaaflamarksútgerðum verði heimilað að láta frá sér krókaaflamark í ufsa í skiptum fyrir aflamark í öðrum tegundum.

Reykjanes, félag smábátaeigenda á Suðurnesjum

Samþykkt á aðalfundi 28. september 2013